

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 26. október 2012 í máli nr. X-48/2012:

Íslandsbanki hf.

(Ágúst Stefánsson hdl.)

gegn

Þrotabúi Hlutfjár ehf.

(Brynjólfur Eyvindsson hdl.)

I

Mál þetta var þingfest 20. mars sl. og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 16. október sl. Sóknaraðili er Íslandsbanki hf., Kirkjusandi 2, Reykjavík, en varnaraðili er Þrotabúi Hlutfjár ehf., áður til heimilis að Hverfisgötu 6, einnig í Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að krafa hans að fjárhæð 185.856.123 krónur verði viður kennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 við skipti á Þrotabúi Hlutfjár ehf. Þá krefst hann málskostnaðar að mati dómsins, auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Varnaraðili krefst þess að staðfest verði ákvörðun skiptastjóra um að hafna kröfu sóknaraðila og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti.

II

Bú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta 12. maí 2009. Félagið hét áður Garðar Gíslason ehf., en nafni þess var breytt í Hlutfé ehf. í ársbyrjun 2009.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 666/2010, sem kveðinn var upp 20. október 2011, var sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila 128.291.753 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 25. mars 2009 til greiðsludags. Atvik þess máls voru þau að Garðar Gíslason ehf. gerði á árinu 2000 lánsamning við sóknaraðila og var sá samningur framlengdur til þriggja ára með nýjum samningi árið 2005. Með samningnum setti Garðar Gíslason ehf. að handveði verðbréf í skráðum félögum, sem varðveitt skyldu í vörslu sóknaraðila. Með sérstakri handveðsyfirlýsingu voru tilgreind hlutabréf í Kaupþingi banka hf. sett að handveði fyrir skuldinni. Bréfin voru seld 3. október 2008 og færði sóknaraðili andvirði þeirra á sparisjóðsbók sem stofnuð hafði verið í nafni Garðars Gíslasonar ehf. Vegna vanskila varnaraðila gjaldfelldi sóknaraðili síðar skuldina samkvæmt lánsamningnum og ráðstafaði til sín þeirri fjárhæð sem var á sparisjóðsbókinni. Í dómi Hæstaréttar sagði m.a. að

samkvæmt fyrrnefndum veðsamningi hafi veðsala verið óheimilt að veðsetja öðrum eða framselja hin veðsettu hlutabréf án samþykkis veðhafa. Þá kæmi þar fram að veðhafa væri heimilt að ráðstafa arðgreiðslum af hinu veðsetta inn á sérstakan reikning sem settur yrði að handveði fyrir skuld veðsala. Á hinn bóginn væri ekki kveðið á um að veðréttur skyldi færast yfir á andvirði hlutabréfanna ef til sölu þeirra kæmi. Að lögum þyrfti sérstaka yfirlýsingu af hálfu veðsala ef svo ætti að verða. Þar sem slík yfirlýsing lægi ekki fyrir í málinu og ákvæði laga nr. 75/1997, um sammingsveð, ættu ekki við, var fallist á kröfu varnaraðila um að andvirði hlutabréfanna skyldi renna til hans.

Í samræmi við dóm Hæstaréttar greiddi sóknaraðili varnaraðila 187.267.063 krónur 24. nóvember 2011. Nokkrum dögum áður, eða 10. nóvember 2011, lýsti sóknaraðili kröfu sinni í þrotabú varnaraðila, alls að fjárhæð 185.856.123 krónur. Í kröfulýsingu er tekið fram að kröfunni sé lýst á grundvelli heimildar í 143. gr. laga nr. 21/1991. Á skiptafundi 16. mars 2012 hafnaði skiptastjóri kröfunni, en sóknaraðili mótmælti þeirri afstöðu. Þar sem ágreiningur aðila varð ekki jafnaður ákvað skiptastjóri að vísa málinu til úrlausnar héraðsdóms samkvæmt fyrirmælum 120. gr., sbr. 171. gr. laga nr. 21/1991.

III

Krafa sóknaraðila byggist á því að við endurgreiðslu sóknaraðila samkvæmt fyrrnefndum dómi Hæstaréttar hafi skuld varnaraðila við sóknaraðila samkvæmt lánessamningi aðila frá 5. apríl 2005 raknað við. Með vísan til 2. málslíðar 143. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., sé honum því heimilt að lýsa eftirstöðvum skuldarinnar í bú varnaraðila sem almennri kröfu samkvæmt 113. gr. sömu laga. Þótt fyrrnefnt mál varnaraðila gegn sóknaraðila hafi ekki verið rekið sem riftunarmál, telur sóknaraðili að það atriði getið ekki ráðið úrslitum um heimild hans til að lýsa kröfunni og fá hana viðurkennda, enda eigi hér við öll sömu sjónarmið og ef um riftunarmál hefði verið að ræða. Með sömu rökum hafnar hann þeirri málsástæðu varnaraðila að krafan sé of seint fram komin, en leggur þess í stað áherslu á að hann hafi ekki getað lýst kröfunni fyrr en að fenginni endanlegri dómsniðurstöðu. Þá mótmælir hann málsástæðu varnaraðila um að krafan sé vanreifud. Varnaraðili hafi ekki fyrr dregið í efa lögmæti lánessammingsins frá 5. apríl 2005. Fyrir liggi hins vegar úrlausnir dómstóla um að sambærilegir lánessamningar séu að öllu leyti lögmætir.

IV

Varnaraðili byggir í fyrsta lagi á því að kröfulýsing sóknaraðila sé allt of seint fram komin. Kröfulýsingarfresti í þrotabúið hafi lokið 25. júlí 2009, en krafa sóknaraðila hafi fyrst verið móttekin af skiptastjóra 15. nóvember 2011. Sóknaraðili hafi hins vegar innan tilskilins frests lýst þremur öðrum kröfum sínum, og hafi ekkert verið því til fyrirstöðu að hann lýsti einnig þeirri kröfu sem hér sé deilt um, ekki síst í ljósi þess að hann hafi þá vitað að ágreiningur stæði um hana.

Í öðru lagi byggir varnaraðili á því að krafa sóknaraðila sé ekki þess eðlis að hún eigi undir 143. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Krafan sé ekki til komin vegna riftunar í skilningi lagaákvæðisins, en það eigi einungis við um kröfur sem stofnast hafi vegna riftunar samkvæmt XX. kafla laganna. Ágreiningur aðila, sem lyktað hafi með áðurnefndum dómi Hæstaréttar hafi ekki varðað riftun, heldur

hafi þar aðeins verið tekist á um sölu hlutabréfa í eigu varnaraðila og ráðstöfun söluandvirðisins.

Í þriðja lagi byggist krafa varnaraðila á því að krafa sóknaraðila sé verulega vanreifuð. Krafan sé vegna ólögmeðs gengisláns og sé lýsingu hennar mjög áfátt.

Að endingu kveðst varnaraðili mótmæla kröfu sóknaraðila um vexti af kröfunni eftir úrskurðardag, enda fari slík krafa í bága við 114. gr. laga nr. 21/1991.

V

Eins og fram er komið var sóknaraðili með dómi Hæstaréttar 20. október 2011, í málinu nr. 666/2010, dæmdur til að greiða varnaraðila 128.291.753 krónur, auk dráttarvaxta. Í því máli krafðist varnaraðili endurgreiðslu á andvirði hlutabréfa, sem sóknaraðili hafði tekið að sér að selja í október 2008, en ráðstafað þeim fjármunum 11. febrúar 2009 til greiðslu inn á skuld varnaraðila við sóknaraðila samkvæmt lánsamningi aðila frá 5. apríl 2005. Af endurriti dóms í málinu, sem lagt hefur verið fram, má sjá að málið hafi verið höfðað 22. janúar 2010 af Halldóri Þór Halldórssyni, fyrrverandi stjórnarmanni og framkvæmdastjóra varnaraðila, samkvæmt heimild þrotabús varnaraðila og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 21/1991. Málið var ekki rekið sem riftunarmál samkvæmt XX. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Í kjölfar dóms Hæstaréttar greiddi sóknaraðili varnaraðila hina dæmdu fjárhæð, auk dráttarvaxta, samtals 187.267.063 krónur, en lýsti um sama leyti kröfu sinni á hendur varnaraðila, alls að fjárhæð 185.856.123 krónur. Tekið var fram að kröfunni væri lýst á grundvelli 143. gr. laga nr. 21/1991, en um rétt hæð hennar var vísað til 113. gr. sömu laga. Í máli þessu byggir sóknaraðili á því að við endurgreiðslu kröfunnar samkvæmt margnefndum dómi hafi raknað við skuld varnaraðila við sóknaraðila samkvæmt áðurnefndum lánsamningi.

Samkvæmt 143. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., skal þeim sem gert er að sæta riftun og greiða þrotabúinu fé samkvæmt 142. gr. eða öðrum ákvæðum laganna, eða afhenda því verðmæti samkvæmt 144. gr. sömu laga, að inna sína greiðslu af hendi til þrotabúsins án tillits til þess hvenær úthlutun fari fram. Í 2. málslíð sama ákvæðis segir síðan: „Honum skal heimilt að koma að upphaflegri fjárkröfu sinni á hendur þrotabúinu og njóta jafnrar stöðu við aðra lánardrottna sem hafa jafnrétt háar kröfur.“

Að áliti dómsins verður ofanefnt ákvæði laga nr. 21/1991 ekki skýrt svo að það eigi aðeins við í þeim tilvikum þegar þrotabúið endurheimtir fé eða önnur verðmæti á grundvelli riftunarreglna XX. kafla gjaldþrotaskiptalaga, enda er þar tekið fram að hið sama eigi við þegar aðila er gert að greiða þrotabúinu fé samkvæmt „öðrum ákvæðum laganna“. Þótt umrætt mál varnaraðila gegn sóknaraðili hafi á sínum tíma verið höfðað til endurheimtu fjármuna sem sóknaraðili hafði ráðstafað til sín án heimildar varnaraðila, telur dómurinn að það eitt eigi ekki að girða fyrir að sóknaraðila verði heimilað að koma að upphaflegri fjárkröfu sinni á hendur varnaraðila og njóta við skiptin jafnrar stöðu við aðra lánardrottna sem hafa jafnrétt háar kröfur. Er þá einkum til þess horft að í því máli var tiltekinni ráðstöfun hnekkd og fjármunir endurheimtir til hagsmuna fyrir þrotabúið og kröfuhafa þess. Fær dómurinn ekki séð að nein rök standi til þess að önnur sjónarmið eigi við í slíkum tilvikum en þegar rift er ráðstöfun þrotamanns og verðmæti endurheimt á

grundvelli riftunarreglna XX. kafla laga nr. 21/1991. Að álit dómsins færi slík niðurstaða einnig í bága við meginreglu laganna um jafnræði lánardrottna við gjaldþrotaskipti. Í þessu ljósi verður hafnað þeirri málsástæðu varnaraðila að sóknaraðili geti ekki komið kröfu sinni að við skiptin, þar sem 143. gr. laganna eigi eingöngu við um þær kröfur sem stofnast hafi vegna riftunar samkvæmt XX. kafla þeirra.

Ekki er um það deilt að sóknaraðili lýsti kröfu sinni án ástæðulausra tafa í kjölfar áður nefnds dóms Hæstaréttar. Því telst krafan ekki niður fallin gagnvart varnaraðila þótt henni hafi fyrst verið lýst með kröfulýsingu sóknaraðila 10. nóvember 2011, sbr. 6. tl. 118. gr. laga nr. 21/1991.

Þótt taka megi undir það sjónarmið varnaraðila að krafa sóknaraðila samkvæmt kröfulýsingu hans sé lítt reifuð, er fullyrðing varnaraðila um að krafan sé „vegna ólögmaets gengisláns“ með öllu órökstudd. Þrátt fyrir það lýsti varnaraðili því yfir við munnlegan flutning málsins að enginn ágreiningur væri um fjárhæð kröfunnar. Þegar af þeirri ástæðu eru engin efni til að hafna kröfunni vegna vanreifunar. Ekki er heldur hald í mót mælum varnaraðila við vöxtum eftir úrskurðardag, þar sem ekki verður séð að slíkra vaxta sé krafist af hálfu sóknaraðila.

Samkvæmt framanrituðu verður fallist á að sóknaraðila sé heimilt að koma að kröfu sinni á hendur varnaraðila, alls að fjárhæð 185.856.123 krónur. Nýtur krafan rétt hæðar sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Þrátt fyrir niðurstöðu málsins þykir með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Ingimundur Einarsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Krafa sóknaraðila, Íslandsbanka hf., alls að fjárhæð 185.856.123 krónur, er viðurkennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 við gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila, Hlutafjár ehf.

Málkostnaður fellur niður.

Ingimundur Einarsson